# Sparisjóður Norðfjarðar

## Samandreginn árshlutareikningur
## 30. júní 2012

Sparisjóður Norðfjarðar
Egilsbraut 25
740 Neskaupstaður

kt. 610269-7029

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnenda á árshlutareikninginn .................... 3

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .................... 4

Rekstrarreikningur .................... 5

Efnahagsreikningur .................... 6

Sjóðstreymisyfirlit .................... 8

Skýringar .................... 9

# Skýrsla og áritun stjórnenda á árshlutareikninginn

Samandregin árshlutareikningur Sparisjóðs Norðfjarðar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

**Afkoma og eigið fé**

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap tímabilsins 16,8 millj.kr. en bókfært eigið fé í lok tímabilsins nam 561,6 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 17,5 % en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu hefur Fjármálaeftirlitið gert kröfu um að eiginfjárhlutfall fari ekki niður fyrir 16%.

Stofnfé sparisjóðsins nam í lok tímabilsins 625,8 millj.kr. og skiptist það í jafn marga hluti sem eru í eigu 86 aðila. Eftirtaldir aðilar eiga meira en 10% af stofnfé í lok júní 2012.

| | |
|---|---|
| Ríkissjóður Íslands ........ | 49,5% |
| Fjarðabyggð ........ | 22,4% |

**Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sparisjóðsstjóra er árshlutareikningur sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2012 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1.janúar til 30. júní 2012.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sparisjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sparisjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðfjarðar hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012 og staðfest hann með undirritun sinni.

Neskaupstað, 31. ágúst 2012.

Stjórn:

Sparisjóðsstjóri:

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Norðfjarðar.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandregin árshlutareikning Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 31. ágúst 2012.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012

| | Skýr. | 2012<br>1.1.-30.6. | 2011<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur:** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir ........ | | 10.420 | 14.342 |
| Vaxtatekjur af útlánum ........ | | 161.379 | 165.147 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum ........ | | 2.430 | 20.928 |
| | | 174.229 | 200.417 |
| **Vaxtagjöld:** | | | |
| Vaxtagjöld af innlánum ........ | | 132.111 | 134.927 |
| Vaxtagjöld af lántöku ........ | | 3.878 | 3.739 |
| | | 135.989 | 138.666 |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 38.240 | 61.751 |
| **Aðrar rekstrartekjur:** | | | |
| Þjónustutekjur ........ | | 17.366 | 17.760 |
| Þjónustugjöld ........ | | ( 4.814) | ( 4.666) |
| Gengishagnaður ........ | 4 | 5.361 | 6.314 |
| Ýmsar rekstrartekjur ........ | | 28.781 | 7.691 |
| | | 46.694 | 27.099 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 84.934 | 88.850 |
| **Önnur rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld ........ | | 45.379 | 37.342 |
| Annar almennur rekstrarkostnaður ........ | | 56.149 | 59.540 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna ........ | | 1.440 | 2.070 |
| | | 102.968 | 98.952 |
| Framlag í afskriftarreikning útlána ........ | | 588 | 8.939 |
| **Tap fyrir skatta** | | ( 17.446) | ( 1.163) |
| Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki ........ | | ( 2.855) | ( 819) |
| Tekjuskattur ........ | | 3.489 | 215 |
| **Tap tímabilsins ........** | 8 | ( 16.812) | ( 1.767) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir** | | | |
| Sjóður | | 18.075 | 21.933 |
| Ríkisvíxlar | | 907.163 | 885.562 |
| Kröfur á lánastofnanir | | 656.924 | 369.861 |
| Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals | | 1.582.162 | 1.277.356 |
| **Útlán** | | | |
| Útlán til viðskiptamanna | | 2.631.477 | 2.649.177 |
| Fullnustueignir | | 110.430 | 110.430 |
| Útlán samtals | 5 | 2.741.907 | 2.759.607 |
| **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:** | | | |
| Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum | | 525.543 | 897.919 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | 6 | 17.671 | 17.671 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | | 16.830 | 16.830 |
| Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals | | 560.044 | 932.420 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 97.931 | 110.513 |
| Skatteign | | 147.818 | 144.328 |
| Ýmsar eignir | | 2.165 | 559 |
| Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur | | 10.357 | 5.537 |
| Aðrar eignir samtals | | 258.271 | 260.937 |
| **Eignir samtals** | | 5.142.384 | 5.230.320 |

## Skuldir

| | Skýr. | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|
| **Innlán** | | | |
| Óbundin innlán | | 2.029.639 | 2.138.596 |
| Bundin innlán | | 2.385.025 | 2.289.089 |
| Innlán samtals | | 4.414.664 | 4.427.685 |
| **Aðrar skuldir** | | | |
| Ýmsar skuldir | | 18.767 | 77.188 |
| Áfallin gjöld | | 15.314 | 16.552 |
| Aðrar skuldir samtals | | 34.081 | 93.740 |
| **Víkjandi lán** | | 132.078 | 130.523 |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnfé | | 625.799 | 625.799 |
| Varasjóður | | ( 64.238) | ( 47.427) |
| Eigið fé samtals | 8 | 561.561 | 578.372 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 5.142.384 | 5.230.320 |

## Utan efnahagsreiknings

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 10 | | |

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2012

| | Skýr. | 2012<br>1.1.-30.6. | 2011<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Tap tímabilsins | 8 | ( 16.812) | ( 1.767) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur og gengismunur | | 25.408 | 23.743 |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 5 | ( 588) | ( 8.939) |
| Tekjuskattur | | ( 3.489) | ( 217) |
| Hagnaður af sölu fastafjármuna | | ( 21.594) | 0 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | | 1.440 | 2.070 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 66.085) | 605 |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | ( 81.720) | 15.495 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Kröfur á lánastofnanir, breyting | | ( 10.446) | 271.842 |
| Útlán, breyting | | 79.268 | ( 95.643) |
| Skuldabréf, breyting | | 372.376 | ( 108.268) |
| Hlutabréf, breyting | | 0 | 2.610 |
| Söluverð fastafjármuna | | 32.735 | 0 |
| Ýmsar eignir, breyting | | 0 | ( 98) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 473.933 | 70.443 |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Innlán, breyting | | ( 97.854) | ( 128.050) |
| Ýmsar skuldir, breyting | | 0 | ( 27.626) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 97.854) | ( 155.676) |
| **Breyting á handbæru fé** | | 294.359 | ( 69.738) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 331.747 | 369.873 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 626.106 | 300.135 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sparisjóðinn

Sparisjóður Norðfjarðar er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru að Egilsbraut 25, Neskaupstað. Hlutverk Sparisjóðs Norðfjarðar er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

*Grundvöllur reikningsskilanna*

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru færð á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur sjóðsins árið áður og hann er í íslenskum krónum.

Árshlutareikningur sparisjóðsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011.

## 3. Matsaðferðir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Við gerð árshlutareikningsins notuðust stjórnendur við sömu aðferðir við mat og ákvarðanir og við gerð ársreiknings sjóðsins árið 2011.

## 4. Aðrar rekstrartekjur

| Gengishagnaður (tap) greinist þannig: | **2012** | **2011** |
|---|---|---|
| | 1.1.-30.6. | 1.1.-30.6. |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa og skuldabréfa | 9.600 | 5.165 |
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | ( 4.239) | 1.149 |
| Samtals | 5.361 | 6.314 |

## 5. Útlán

| Afskriftareikningur útlána greinist þannig: | **Afskriftareikningur Sérstakur** | **Afskriftareikningur Almennur** | **30.6.2012 Samtals** | **31.12.2011 Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána í byrjun ársins | 174.042 | 54.786 | 228.828 | 450.258 |
| Framlag í afskriftareikning á tímabilinu | ( 291) | ( 297) | ( 588) | 41.978 |
| Endanlega töpuð útlán | ( 2.794) | | ( 2.794) | ( 263.408) |
| Innkomið áður afskrifað | 192 | | 192 | 0 |
| Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins | 171.149 | 54.489 | 225.638 | 228.828 |
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | 6,4% | 2,0% | 8,4% | 6,0% |

## 6. Eignarhlutar í félögum

Hlutabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Óskráð hlutabréf | 17.671 | 17.671 |
| Samtals | 17.671 | 17.671 |

## 7. Eignir og skuldir háðar gengisáhættu og verðtryggingu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 2.314 millj. kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 2.525 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 233,3 millj. kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 229,3 millj. kr.

## 8. Eigið fé

Stofnfé sparisjóðsins nemur 625,8 millj. kr. og skiptist það á 86 aðila.

| Yfirlit um eigið fé: | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2012 | 625.799 | ( 47.427) | 578.372 |
| Tap tímabilsins | | ( 16.812) | ( 16.812) |
| Eigið fé 30.06.2012 | 625.799 | ( 64.238) | 561.561 |

Eigið fé í lok júní nam 561,6 millj. kr. eða 10,9 % af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 17,5%.Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu hefur Fjármálaeftirlitið gert kröfu um að eiginfjárhlutfall fari ekki niður fyrir 16%.

| Hlutfallið reiknast þannig: | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Heildar eigið fé | 561.561 | 578.372 |
| Víkjandi lán | 70.332 | 80.598 |
| Skatteign | ( 147.818) | ( 144.329) |
| Eiginfjárgrunnur samtals | 484.075 | 514.641 |
| **Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig:** | | |
| Útlánaáhætta | 179.794 | 182.580 |
| Markaðsáhætta | 13.128 | 14.870 |
| Rekstraráhætta | 28.578 | 28.578 |
| Eiginfjárkrafa | 221.500 | 226.028 |
| Umfram eigin fé | 262.575 | 288.613 |
| Eiginfjárhlutfall | 17,5% | 18,2% |

## 9. Tengdir aðila

Tengdir aðilar eru stjórn sparisjóðsins, lykilstjórnendur og stofnfjáraðilar sem eiga yfir 10% af stofnfé og félög tengd framangreindum aðilum.

***Viðskipti við tengda aðila***

Lán til tengdra aðila nema 96,5 millj. kr. í lok júní 2012. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

## 10. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 40.859 | 39.155 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 191.416 | 184.208 |